



Marbakki 

Sjálfstæð, glöð og skapandi börn

Skólanámskrá leikskólans Marbakka

Gefin út haust 2024

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Um skólann	4
Einkunnarorð Marbakka	5
Sjálfstæð börn	5
Glöð börn	5
Skapandi börn	5
Starfsaðferðir Marbakka	6
Kennararnir þrír	6
Lýðræði og jafnrétti	6
Leikur sem námsleið	7
Útivera	7
Aldursblöndun	7
Fjölskyldan	8
Sérkennsla	8
Leikur í samþættu og skapandi leikskólastarfi	9
Læsi og samskipti	9
Heilbrigði og vellíðan	9
Sjálfbærni og vísindi	10
Sköpun og menning	10
Hlutverk leikskólakennara	11
Tengsl skólastiga	11
Mat á leikskólastarfi	11
Staðfesting á umfjöllun foreldraráðs	13

Inngangur

Skólanámskrá leikskólans Marbakka byggir á endurskoðaðri Aðalnámskrá leikskóla frá 2023, lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerðum fyrir leikskóla, Farsældarlögum (Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021), Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, Menntastefnu Kópavogs og Handbók um leik barna í leikskólum sem gefin er út af Menntamálastofnun 2024.

Kópavogur er Barnvænt sveitarfélag en það þýðir að sveitarfélagið hefur það að markmiði að bæta kjör og aðstæður barna og að tekið sé tillit til réttinda þeirra samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Heimsmarkmiðin eru víðtæk markmið sem eru samþætt, órjúfanleg og krefjast samstarfs og þátttöku ólíkra hagsmunaaðila. Í Kópavogsbæ er unnið að innleiðingu Heimsmarkmiðanna og eru leikskólarnir þátttakendur í því.

Í aðalnámskrá leikskóla eru sett fram leiðarljós leikskólastarfs og fjallað um námssvið leikskóla sem eiga að endurspegla grunnþætti menntunar. Grunnþáttum menntunar er ætlað að fléttast inn í allt starf og vera leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum. Grunnþættir menntunar eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þessir þættir eru settir fram á grundvelli laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Námskrá þessi markar leikskólastarfið í Marbakka og liggur til grundvallar öllu starfi sem unnið er með nemendum leikskólans. Starfsáætlun hvers skólaárs veitir nánari upplýsingar um starfsemi leikskólans, faglegt starf, endurmat og umbætur.



Um skólann

Marbakki er fimm deilda leikskóli á Kársnesi í Kópavogi sem var opnaður í maí 1986 og var Sólveig Victorsdóttir fyrsti stjórnandi skólans.

Strax á upphafsárum Marbakka starfaði kröftugur leikskólakennarahópur í skólanum sem hafði kynnt sér starfsaðferðir Reggio Emilia sem eiga uppruna sinn á Ítalíu.

Kennarahópurinn varð einhuga um að tileinka sér þessar starfsaðferðir og lagði metnað í þá vinnu sem þurfti til að festa þær í sessi. Marbakki varð fyrsti leikskólinn á landinu til að starfa í anda Reggio Emilia og gerir enn. Skólastarfið hefur þróast í takt við tíðarandann hverju sinni. Í dag er Alda Agnes Sveinsdóttir leikskólustjóri.

Í upphafi var leikskólinn þriggja deilda en árið 2009 bættust tvær deildir við í nýrri viðbyggingu. Deildir skólans heita Bakki, Ból, Ós, Lundur og Lækur.

Leikskólinn Marbakki

Marbakkabraut 4

200 Kópavogur

Sími:441 5800

Netfang: marbakki@kopavogur.is

Heimasíða: marbakki.kopavogur.is



Einkunnarorð Marbakka

Einkunnarorð Marbakka eru sjálfstæð, glöð og skapandi börn og er leitast við að hafa þau að leiðarljósi í öllu starfi leikskólans.

Sjálfstæð börn

Til að virkja og efla sjálfstæði barnanna eru þau hvött til að hjálpa sér sjálf í leik og daglegu starfi og auka þannig færni sína með æfingu og auknum aldri. Börnin eru hvött til að segja sínar skoðanir og taka sjálfstæðar ákvarðanir á sama tíma og þau læra að taka tillit til annarra. Hvert barn er einstakt og eru þau studd til dáða í leit sinni að eigin sjálfstæði.

Glöð börn

Góð líðan, sterk tengsl og jákvæð samskipti styrkja sjálfsmynd barna og veitir þeim öryggi. Gleði hefur áhrif á trú á eigin getu, áhuga og vilja til að skapa og takast á við fjölbreytt verkefni.

Skapandi börn

Sköpun snýr fyrst og fremst að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar ímyndun, tilfinningar og hugmyndir fá að njóta sýn. Leitast er við að skapa umhverfi sem að örvar skynjun og sköpunarkraft barnanna. Börnin eru hvött til sjálfstæðra vinnubragða og til þátttöku í skapandi ferli með margvíslegum hætti eins og leik, söng, myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.

Starfsaðferðir Marbakka

Í Marbakka er unnið eftir starfsaðferðum sem kenndar eru við borgina Reggio Emilia á Norður Ítalíu og eiga upphaf sitt að rekja til foreldra sem settu af stað leikskóla í lok seinni heimstyrjaldarinnar. Tilgangurinn með leikskólastarfinu var að ala upp gagnrýnin börn sem stæðu vörð um lýðræði til að forða þeim frá afleiðingum fasisma. Sálfræðingurinn Loris Malaguzzi kom til liðs við foreldra og var fenginn til að vera uppeldisfræðilegur leiðtogi leikskólastarfs í Reggio Emilia. Hann sagði að börn fæðist með hundrað mál en hinir fullorðnu taki af þeim níutíu og níu. Þessar starfsaðferðir eru aðlagðar að íslenskum aðstæðum, menningu og sérstöðu leikskólans hverju sinni.

Kennararnir þrír

Í starfsaðferðum Reggio Emilia er lögð áhersla á sköpun, skapandi og gagnrýna hugsun, lýðræði og námshvetjandi umhverfi. Horft er á börnin sem sjálfstæða og skapandi einstaklinga sem hlustað er á. Hugmyndir og hæfni barnanna fá að njóta sín og þau hafa tækifæri til að nýta málin sín hundrað. Í Marbakka er lögð áhersla á flæði, sjálfsprottin leik og verkefni sem verða til í samvinnu barna og kennara. Áhersla er á ferli fremur en afrakstur.

Litið er á að kennararnir sem koma að námi barnsins séu þrír, kennarinn, barnið og umhverfið. Kennararnir og börnin eru samverkamenn sem rannsaka, uppgötva og afla þekkingar í sameiningu. Umhverfið á að vera fallett, námshvetjandi og sett upp með hugmyndir og þarfir barna í huga.

Lýðræði og jafnrétti

Lýðræði er einn af grunnþáttum menntunar og einn af hornsteinum starfs í anda Reggio Emilia. Í lýðræðislegu leikskólastarfi eru börn þátttakendur í samfélagi, sem samanstendur af kennurum, fjölskyldum barnanna og þeim sjálfum. Í leikskóla eiga börn að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð sem stuðla að jafnrétti og að samskipti einkennist af virðingu og réttlæti. Hvert og eitt barn fær tækifæri til að tjá sínar skoðanir og hafa áhrif. Í daglegu starfi í Marbakka er lögð áhersla á að hlusta á börnin og að þau finni að skoðanir þeirra séu virtar. Kennararnir lesa í leik barnanna og hlusta á hugmyndir þeirra og leitast við að skapa aðstæður til náms sem endurspeglar áhuga barnanna.

Leikur sem námsleið

Leikur er náms- og tjáningarleið barna þar sem þau bregðast við hugmyndum sínum og þróa þær í samskiptum við börn og fullorðna. Leikur ýtir undir hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl sem og fjölbreytta notkun á tungumáli. Sjálfsprottinn og flæðandi leikur er á forsendum barnsins en kennarar styðja við hann með því að setja upp kveikjur, aðlaga umhverfið að leiknum eða bæta inn leikefni sem styður við hann. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hafður í fyrirrúmi í öllu starfi Marbakka, því er hver dagur flæðandi með fáar fyrirfram ákveðnar stundir en matartímar og hvíld eru dæmi um þær.

Í Marbakka er leitast við að hafa opinn efnivið sem býður uppá túlkun og notkun á fjölbreyttan hátt. Dæmi um slíkt eru hefðbundin leikföng eins og kubbar, pappír, litir, málning, lím og leir en líka efniviður sem fær framhaldslíf svo sem eggjabakkar, jóгурtdósir, pappakassar og lok. Einnig nýtist ýmis náttúrulegur efniviður sem oft er fenginn úr nærumhverfi skólans svo sem greinar, steinar, skeljar eða annað því um líkt.

Útivera

Mikil útimenning er í öllu starfi Marbakka. Útisvæði leikskólans er fjölbreytt og býður uppá margvíslegar áskoranir og leikaðstæður. Hugað er að því að það sé breytilegt, námshvetjandi og ögrandi. Fyrir utan leikskólalóðina er fjaran, sjórinn og dýralífið því tengt. Stutt er í útivistarsvæði í Fossvogi þar sem er skógur, lækur og tún sem hægt er að kanna og reyna á sig á margan hátt. Auk þess að vettvangsferðir eru farnar reglulega á þessi svæði í nærumhverfinu er farið í ferðir í bókasafn, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Gerðarsafn sem eru öll í göngufæri frá leikskólanum.

Aldursblöndun

Unnið er með aldursblöndun í Marbakka. Á þremur eldri deildum eru þrír árgangar en á tveimur yngri deildunum eru oftast tveir árgangar. Með aldursblöndun er börnunum gefin fleiri tækifæri til félagslegra samskipta, þau hafa aukið félagaval, fleiri og fjölbreyttari hlutverk innan barnahópsins og aukin tækifæri í verkefnavali. Slík aldursblöndun endurspeglar einnig hlutverk barna sem kennara í hugmyndafræði Reggio Emilia.

Fjölskyldan

Í Marbakka er lögð áhersla á að ná góðu samstarfi við fjölskyldur barna sem stunda nám í skólanum. Traust, gagnkvæm virðing og opin samskipti eru þar lykilatriði. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og menntun barna sinna og því er góð samvinna kennara og foreldra mikilvæg.

Sérkennsla

Öll börn eiga að fá tækifæri til að nýta þekkingu sína, hæfni, getu og styrk, hvert á sinn hátt. Taka þarf tillit til hvers og eins og þurfi barn aðstæðna sinna vegna aðstoð þá er sérkennsla og stuðningur úrræði sem er gripið til í samráði við foreldra. Sérkennslu er ætlað að styrkja einstaklingana og auka færni þeirra til að mæta þeim áskorunum sem á vegi þeirra verða.

Málþroska skimunartæki sem notuð eru með öllum börnum skólans eru EFI-2 fyrir börn á fjórða ári og Hljóm-2 fyrir 5 ára börn. Unnið er sérstaklega með þeim börnum sem eru undir meðalfærni.

Samþætt þjónusta er samhæfð stuðningsþjónusta með áherslu á samvinnu og greiðari boðleiðir á milli mennta-, velferðar- heilbrigðis- og tómstundakerfis. Samþættingin getur verið tímabundin vegna ákveðinna aðstæðna sem upp koma eða langvarandi til dæmis hjá börnum með skilgreinda fötlun.

Leikur í samþættu og skapandi leikskólastarfi

Aðalnámskrá leikskóla byggir á sex grunnþáttum menntunar sem eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Einnig er talað um námssvið leikskóla og eru þau fjögur, læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla fléttast saman, þau eiga að tengjast daglegum athöfnum og byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun. Leikur barna er ein helsta leið samþættingar þessara þátta þar sem sjálfbærni, samskipti, læsi og sköpun geta til dæmis komið fram í einum og sama leiknum.

Læsi og samskipti

Læsi er mikilvægur þáttur til samskipta og fá börnin tækifæri í leikskóla til að þróa læsi sitt í viðum skilningi með því að efla hæfileika sína í að tjá sig með margvíslegum hætti sem og að lesa í líkamstjáningu, hljóð, snertingu, umhverfi sitt og fleira.

Í hugmyndafræði Reggio Emilia er talað um að börn hafi hundrað mál. Í öllu starfi Marbakka er leitast við að veita börnum tækifæri til að nýta málin sín hundrað og er sjálfssprottinn leikur þar í aðalhlutverki. Í gegnum leik læra börn hvernig aðrir bregðast við þeim; móta sjálfsmynd sína, þróa hæfni til samskipta, félagslegra tengsla sem og að lesa í aðstæður, taka tillit og að nýta fjölbreytta hæfileika sína. Efniviður á borð við bækur, tákn, myndir, pappír og skriffæri skapa tækifæri til að skrifa, teikna og hanna leikefni og byggir stoðir undir eiginlegan lestur.

Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan og ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Heilbrigði samanstendur af augljósum þáttum svo sem hreyfingu, næringu, hvíld og hreinlæti sem og jákvæðri sjálfsmynd, andlegri vellíðan, góðum samskiptum, öryggi og skilningi á eigin tilfinningum og annarra. Góð tengsl kennara og barna sem byggja á gagnkvæmri virðingu og umhyggju eru grunnurinn að vellíðan og heilbrigðum samskiptum.

Í Marbakka er hugað að rými til hreyfinga og leiks sem og rými og tíma til að skapa vellíðan og ró. Útivera er stór þáttur í starfinu og er útisvæði og nánasta umhverfi skólans

fjölbreytt og býður uppá hin ýmsu námstækifæri. Lögð er áhersla á að öll börn geti notið slökunar og hvíldar og boðið er upp á hollan og næringarríkan mat.

Sjálfbærni og vísindi

Væntumþykja barna til hvers annars, umhverfis og náttúru er undirstaða sjálfbærrar þróunar í leikskóla. Börn eru rannsakendur í eðli sínu og þau nota ýmsar aðferðir við að kanna og rannsaka umhverfi sitt, þau meðal annars snerta, hlusta, horfa, flokka, handleika, bragða, gera tilraunir og draga ályktanir.

Í Marbakka er boðið upp á viðfangsefni sem ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetur þau til að kanna og leita lausna. Náttúran er stór þáttur í uppgötvunarnámi barna og er hún nýtt í starfi skólans.

Sköpun og menning

Í öllu leikskólastarfi er sköpun og menning stór og veigamikill þáttur sem fléttast inn í allt starf. Sköpun er einn af hornsteinum starfs í anda Reggio Emilia og er því allt umlykjandi í starfi Marbakka, sköpun er margþætt og áhersla er lögð á ferlið en ekki afurðina.

Sköpun felur í sér getu til að beita gagnrýninni hugsun við lausnaleit og nálgun viðfangsefna. Sköpun er mikilvæg fyrir samfélög og einstaklinga til að takast á við verkefni og vandamál í síbreytilegum heimi. Hún felur í sér getu til að lesa í aðstæður af innsæi og virkja ímyndunaraflíð. Í gegnum skapandi ferli er tekist á við hugmyndir og af því mótast viðhorf og hæfni. Þetta ferli snýst svo ekki síst um gleðina, tjáninguna, samvinnuna og námið sem á sér stað þegar ímyndun, tilfinningar og hugmyndir fá að njóta sín.

Menning barna er samofin leikskólastarfinu og tengist leik þeirra, lýðræði, þjóðmenningu og skapandi starfi. Börnin skapa menningu og kynnast menningu annarra í leikskólanum. Leikskólinn er mikilvægur vettvangur fjölmenningar og á starf hans að endurspegla margbreytileika og gefa einstaklingum tækifæri til að tilheyra leikskólasamfélaginu á eigin forsendum.

Hlutverk leikskólakennara

Leikskólakennarar gegna veigamiklu hlutverki í öllu starfi með börnum. Hlutverk þeirra er margþætt. Leikskólakennarar eiga að vera leiðandi í menntastarfi, miðla þekkingu, vera fyrirmyndir í starfi með börnum og taka þátt í og styrkja faglegt starf leikskólans. Í starfsaðferðum Reggio Emilia sem og Marbakka er litið á kennarana sem samverkamenn barnanna og leitast þeir við að skapa umhverfi og aðstæður sem vekja áhuga til náms.

Tengsl skólastiga

Tengsl leik- og grunnskóla eru mikilvæg þar sem skólaganga barna á að mynda samfellda heild svo að þekking, reynsla og nám nýtist börnunum á næsta skólastigi. Upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir farsæld og þroska barna fylgja þeim frá leikskólanum í grunnskólann sem og á milli leikskóla. Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í að miðla upplýsingum á báðum skólastigum um þroska og menntun barna sinna. Tengsl skólastiganna eru þannig samstarfsverkefni þeirra sem koma að uppeldi og menntun barna, það er foreldra, kennara, barnanna og annars starfsfólks beggja skólastiga. Í þessu samstarfi er velferð, þroski og menntun barnanna í brennidepli.

Marbakki á í formlegu samstarfi við Kársnesskóla. Kennarar beggja skóla undirbúa og útfæra samstarfið á hverju hausti. Elstu nemendur leikskólans fara í heimsóknir í Kársnesskóla og nemendur úr Kársnesskóla heimsækja leikskólann. Ef börn frá Marbakka fara í annan grunnskóla en Kársnesskóla er gætt að því að nauðsynlegar upplýsingar fari á milli með tryggum hætti.

Mat á leikskólastarfi

Til að tryggja menntun og að réttindi leikskólabarna séu virt samkvæmt lögum skal leggja mat á skólastarfið. Matið er tvennskonar, innra og ytra mat. Innra mat framkvæmist innan leikskólans og er unnið af kennurum, foreldrum og börnum skólans en ytra matið er unnið af utanaðkomandi aðilum á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta- og menningamála eða annarra aðila.

Í Marbakka er starfið metið jöfnum höndum allt árið um kring. Gagna er aflað á margvíslegan hátt, til dæmis með viðhorfskönnunum á meðal starfsfólks, barna og foreldra, markvissum umræðum starfsfólks um starfið, foreldraviðtölum og starfsmannasamtölum. Skipulagsdagar, starfsmannafundir, deildar- og deildastjórafundir og lausnateymisfundir eru nýttir til endurmats og ígrundunar á starfinu. Allt mat á skólastarfinu er nýtt til umbóta á starfinu og niðurstöður þess eru settar fram í sjálfsmatsskýrslu sem má nálgast á heimasíðu skólans.

Staðfesting á umfjöllun foreldraráðs

Kópavogur, október 2024

Skólanámskrá Marbakka var tekin til endurskoðunar skólaárin 2022 til 2023 og 2023 til 2024 með aðkomu alls starfsfólks leikskólans. Uppsetningu og frágangi við skólanámskránnu var lokið í október 2024 og þá send foreldraráði til umsagnar. Foreldraráðið kom með ábendingu sem brugðist var við.

Með undirskrift sinni staðfestir foreldraráð leikskólans Marbakka og það hafi tekið til umfjöllunar endurskoðaða skólanámskrá Marbakka í október 2024. Foreldraráðið segir skólanámskránnu í þeirri mynd sem hún er gefin út skýra, faglega og þægilega uppsetta.


Dóra Sif Ingadóttir


Eydís Inga Valsdóttir


Hafrún Lilja Jakobsdóttir


María Ósk Sverrisdóttir